

Alþingi
Erindi nr. P 133/1409
komudagur 5.3.2007



Alþingi
Sjávarútvegsnefnd
150 REYKJAVÍK

Persónuvernd
Data Protection Authority

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík Iceland
tel.: 354 510 9600 fax: 354 510 9606
e-mail: postur@personuvernd.is
web page: personuvernd.is

Reykjavík, 04. mars 2007
Tilvísun: 2007030213 RJ/--

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaversðs og úrskurðarnefnd sjómanna ofl.

Persónuvernd vísar til bréfs sjávarútvegsnefndar Alþingis, dags. 27. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaversðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna ofl. (þskj. 962, 644. mál, 133. löggjafarþing).

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að 4. mgr. 5. gr. laga nr. 13/1998 muni verða svohljóðandi:

„Við upplýsinga- og gagnaöflun samkvæmt þessari grein skal gæta meðalhófsreglu og að kröfur um upplýsingar og gögn séu í samræmi við tilefni. Upplýsingar og gögn má einungis nýta vegna úrskurðar í einstökum málum, almennum tilgangi skv. 3. gr. eða til að undirbúa ákvarðanir sem Verðlagsstofa skiptaversðs tekur samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 15. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða“.

Samkvæmt núgildandi lögum nr. 13/1998 er ákvæði 4. mgr. 5. gr. efnislega samhljóða 1. gr. frumvarpsins, að því undanskildu að ekki kemur fram að upplýsingar og gögn megi nýta til að undirbúa ákvarðanir sem Verðlagsstofa skiptaversðs tekur samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Er nýmæli ákvæðisins því fólgið í því að upplýsingar og gögn má nú einnig nota í þeim tilgangi að undirbúa ákvarðanir sem Verðlagsstofa skiptaversðs tekur skv. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 116/2006.

Persónuvernd hefur nú skoðað frumvarpið út frá sjónarmiðum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og gerir stofnunin ekki athugasemdir við ákvæði þess.

Virðingarfyllt

Ralaf Jansdóttir

Rakel Jensdóttir